

Gjaldskrá

Skipulags- og byggingarmála í Kjósarhreppi vegna afgreiðslu umsókna, leyfisveitinga og þjónustu.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps er sett með heimild í lög um mannvirki nr. 160/2010 með tilvísun til 51. og 53. gr. laganna.

2. gr.

Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldsskrá þessi kveður á um.

3. gr.

Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta af kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila

4. gr.

Upphæðir gjaldskrár breytast árlega 1. jan, í samræmi við breytingu vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnvísitalan er 316,7 stig. þann 01. janúar 2006. Byggingarvísitalan var sett á 100,0 stig 01. janúar 2010.

5. gr.

Gjaldskráin skiptist í eftirfarandi gjaldflokkar:

A - Byggingarleyfisgjöld

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er eftirfarandi vinna: ein yfirferð aðaluppdráttu, byggingarleyfi, útmæling fyrir greftri, útmæling og afsetning bygginga og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

		2020
Íbúðarhúsa allt að 600 m ³	pr. hús.	232.549
Fyrir rúmmetra umfram 600 m ³	pr. m ³	140
Fyrir útihús á lögbýlum allt að 1000 m ³	pr. hús.	115.665
Fyrir rúmmetra umfram 1000 m ³	pr. M3	68
Sumarhús og annað ekki upptalið allt að 200 m ³	pr. hús.	115.665
Fyrir rúmmetra umfram 200 m ³	pr. m ³	232
Viðbyggingar, sólstofur, pallar, smáhýsi fast gjald.	pr. Framkv.	115.665
Viðbyggingar, sólstofur, pallar, smáhýsi	pr. M2	2.326
Atvinnu og þjónustuhús allt að 500 m ³	pr. hús.	161.932
Fyrir rúmmetra umfram 500 m ³	pr. hús.	68

B - Þjónustugjöld

Yfirlit þjónustugjalda:

Hver endurskoðun aðaluppdráttar	11.633
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	11.633
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	23.256
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	12.182
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	11.633
Fyrir grenndarkynningu, minniháttar	23.256
Fyrir grenndarkynningu, umfangsmikil	115.668
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	46.273
Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	34.215
Húsaleiguúttektir	11.633
Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	12.182
Stöðuleyfi	11.633
Gerð stofnskjals	11.633
Fyrir hverja útsetningu lóðar/húss; pr. Mælingu	34.215

Vegna breytinga á þegar samþykktu aðal- og/eða deiliskipulagi gildir eftirfarandi:
Viðkomandi hagsmunaraðili ber allan kostnað af breytingunum, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði.

C- Framkvæmdarleyfi.

Gjald fyrir framkvæmdarleyfi ákveður skipulags- og byggingarnefnd eftir umfangi framkvæmda. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

Lámargsgjald skal aldrei vera lægra en kr.15.000.-

6. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu vera á gjalddaga við útgáfu reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Sendur er greiðsluseðill til greiðanda.

Byggingaleyfi er ekki gilt fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða um þau samið.

7. gr.

Gjöld skv. A og C lið fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð. Þau má innheimta með fjárnámi sbr. 3. mgr. 53.gr. skipulags- og byggingalaga.

Gjöld samkvæmt A-lið gjaldskrár skulu endurgreidd ef handhafi byggingarleyfis skilar leyfi. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógildar á sannanlegan hátt.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af hreppsnefnd Kjósarhrepps með heimild í 20. gr. og 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 898/2006 og síðar.

Kjósarhreppi 11. febrúar 2020

Karl Magnús Kristjánsson, oddviti